

Viðurkenndur af Apple



Sveitastörfín stóðu upp úr



nettó Iceland KRÖMBÚÐIN
SÆKTU APPIÐ
samkaup.is/app

Markaðurinn > 8

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

167. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 26. ÁGÚST 2021



Nemendur við Grunnskólann á Reyðarfirði bíða í röð við vatnsrennibraut í brekku við skólann í von um að fleygiferðin geti veitt þeim tímabundið skjól frá hitabylgjunni sem gengur þar yfir. Hita-tölur á Norður- og Austurlandi voru áfram háar víða í gær og fór kennsla í skólunum að mestu fram utandyra. SJÁ SIÐU 2

MYND/GUÐLAUG ÁRNADÓTTIR

Meirihluti vill bjóða út aflaheimildir

Yfir 76 prósent landsmanna vilja að útgerðin greiði markaðsgjald fyrir afnot af fiskimiðunum, samkvæmt könnun Gallup. Forsvarsmaður Þjóðareignar segir koma á óvart að stuðningur mælist þvert á stjórnmalaflokka.

thorvaldur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Meira en 76 prósent landsmanna vilja að útgerðin greiði markaðsgjald fyrir afnot af fiskimiðunum. Þetta kemur fram


í niðurstöðum skoðanakönnunar sem samtökin Þjóðareign, hópur áhugafólks um að þjóðin fái sanngjarnt afgjald fyrir auðlindir, lét Gallup gera.

Ef aðeins eru teknir þeir sem afstöðu tóku með eða á móti markaðsgjaldi er hlutfall stuðningsmanna tæp 93 prósent.

Niðurstöðurnar eru afgerandi þvert á stjórnmalaflokka, aldurs- og tekjuhópa, óháð menntun og því hvort fólk býr á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess.

Með markaðsgjaldi er átt við að haldið yrði uppboð á veiðileyfum,

Markaðsgjald á afla?



þannig að útgerðir fengju alltaf sjálfkrafa 90-95 prósent af kvóta fyrra árs í sinn hlut, útbóðið næði aðeins til 5-10 prósent af árlegum heildarafla.

Jákvæðastir eru kjósendur Pírata, Samfylkingarinnar og Viðreisnar, en 97 prósent kjósenda Pírata segjast vera hlynt markaðsgjaldi, 100 prósent af kjósendum Viðreisnar og 98 prósent af kjósendum Samfylkingarinnar, ef aðeins eru skoðaðir þeir sem taka afstöðu.

Könnunin var gerð 21. júlí til 4. ágúst. 1.695 manns voru í úrtaki og svarhlutfall var 51 prósent. SJÁ SIÐU 6

Engir hópar taki langstökk

thorgrimur@frettabladid.is

KJARAMÁL „Við getum ekki sætt okkur við það ef tilteknir hópar eru að taka einhver langstökk,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. Tölur Hagstofunnar sýna að laun starfsmanna hins opinbera hækkuðu tvöfalt meira en starfsmanna á almennum markaði, frá 2020 til 2021.

„Við getum ekki tekið því þegjandi og hljóðalaust að heilu stéttirnar séu að skilja okkur eftir í ryki í kjarabótum.“ SJÁ SIÐU 4

Mmm ...
Safarík vínber eru best núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN



Gæsaveiðitímabilið hófst þann 20. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fá tvær vikur til viðbótar til að skjóta helsingja

benediktboas@frettabladid.is

SKOTVEIÐI Stjórnvöld vilja auka veiðitíma helsingja í Austur-Skaftafellssýslum um 15 daga og að þær hefjist 10. september í stað 25. september.

Friðun helsingja í Skaftafellssýslum var aukin árið 1999, en nú er svo komið að varpstofninn hefur stækkað verulega og staðbundnum geldfugli fjölgað, þannig að íslenski hluti stofnsins er kominn yfir 12.000 fugla.

Verulegt beitarálag er af þessum staðbundna stofni til viðbótar álags af helsingjum sem fara til Grænlands á sumrin. Hætt sé við hraðri fjölgun í íslenska stofninum við óbreytt ástand. ■

Markaveisla á Hlíðarenda



Valskonur fagna eftir að hafa tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu í gær þar sem þær lögðu Tindastól í 6-1 stórsigri á heimavellinum Hlíðarenda. Þetta er tólfti Íslandsmeistaratitill Vals en fallbarátta Tindastóls heldur áfram en liðið á enn eftir að spila þrjá leiki. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Sóun að nýta ekki sprotafyrirtæki

arib@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Mikil tækifæri felast í því að opna heilbrigðiskerfið fyrir sprotafyrirtækjum að mati Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra Kõru Connect.

Þorbjörg Helga hélt erindi á fundi Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunar og þjónustu á Grand Hótelu í gær undir yfirskriftinni Heilbrigðiskerfið á krossgötum.

„Það eru tækifæri í því að bæta og straumlínulaga heilbrigðisþjónustu án þess að auka kostnaðinn mikið. Kostnaður mun aukast á næstunni og því verðum við að fara í stefnumótandi breytingar,“ segir hún.

„Til dæmis gætu grunnar kerfisins talað saman óháð þjónustuveitanda. Hið opinbera fari ekki í stafrænar breytingar hvert fyrir sig heldur horfi á þetta út frá notand-



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Kõru Connect.

anum. Hver sjúklingur þarf að tala við mjög mörg kerfi, það á að brjóta kerfið upp þannig að það skipti ekki máli hvort hann sé að tala við Tryggingastofnun eða spítalann.“

Þorbjörg segir boltann hjá stjórnmalamönnum. „Það er risastórt pólitískt mál að taka slíka ákvörðun. Ég tala fyrir mörg sprotafyrirtæki, þau koma öll að lokudum dyrum hjá hinu opinbera. Allar þessar stofnanir eru að forrita sjálfar og það er mikil sóun að nota ekki þessa jákvæðu sprota sem sérhæfa sig í að bæta kerfið fyrir notendur.“ ■

Kaldara inni í kennslustofu en í hitamollunni utandyra

Kennsla á Reyðarfirði fór fram við nýstárlegar aðstæður, enda hitinn yfir 20 gráður. Gestir Jarðbaðanna í Mývatnssveit böðuðu sig í hitanum og stórsöngvarinn Magni Ásgeirsson fór í berjamó.

benediktboas@frettabladid.is

VEDUR Hitatölur voru áfram víða háar í gær á Norður- og Austurlandi, þar sem börn örkuðu í skólastofur snemma morguns í hátt í 20 gráður. Á Reyðarfirði hefur veðrið leikið við íbúa og á þriðjudag var samfelld sól frá morgni til kvölds. Skólastarfið er hafið og börn og kennarar nutu sólarinnar og fór kennsla að mestu fram utandyra. Þegar leið á daginn fóru þó menn að leita inn í svalann í skólastofum, enda hitinn nánast eins og við miðbaug.

Guðlaug Árnadóttir, aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Reyðarfjarðar, segir að Austfjarðapokan hafi tekið á móti nemendum í gær, en þegar létti til um hádegi hafi kennslan færst aftur út. „Um hádegi létti til svo um munaði og þá útbjuggu kennarar vatnsrenni-brautir í brekkunni ofan við skólann og fóru margir, bæði nemendur og kennarar, marga salibununa niður eftir ísköldu vatninu,“ segir hún, ánægð að heimta nemendur til baka eftir sumarfrí.

Í Mývatnssveit var hitinn einnig mikill og við Jarðböðin minnti stemningin frekar á baðströnd á Tenerife. Samkvæmt upplýsingum þaðan böðuðu gestir sig bæði í sólinni sem og lóninu. Það var bros á hverju andliti.

Stórsöngvarinn Magni Ásgeirsson var léttklæddur í berjamó í Vaðlaheiði þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Það er allt blátt hérna,“ segir hann. Magni er með annan fótinn austur á Borgarfirði og hefur



Nemendur í Reyðarfjarðarskóla kæla sig niður í hitanum í gær. Stanslaus sól hefur baðað Reyðfirðinga undanfarna daga. MYND/GUÐLAUG ÁRNADÓTTIR



Ég hef ekki sofið undir sænginni minni í svona sex vikur. Dún-sængin hefur fengið að víkja.



Magni Ásgeirsson, söngvari.



26. ágúst 1971 varð mikið hamfaraveður í norðanáhlaupi þegar fé fennti og ísing braut raf- og simalínur.

nánast bara upplifað gott sumar. „Ég hef ekki sofið undir sænginni minni í svona sex vikur. Dún-sængin hefur fengið að víkja. Þetta er búið að vera algjörlega galið.“

Hann róltili með sinn yngsta í leikskólann rúmlega átta í gær og hitinn var þá kominn í 22 gráður. „Ég opnaði dyrnar og fékk nákvæmlega sömu tilfinningu og þegar maður er úti á Spáni. Ég gekk nánast á vegg. Sjóðheitan hitavegg.“ ■

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG, 28. ÁGÚST

HÚSGÖGN 20-70% AFSLÁTTUR



Borðstofuborð
20-30% afsláttur

-Dæmi

Rivoli
30% afsláttur

Verð 152.450 kr.

Verð áður 217.800 kr.

Stærð 180 x 90cm



Borðstofustólar
20-60% afsláttur

-Dæmi

Highrock
30% afsláttur

Verð frá 23.800 kr.

Verð áður 34.000 kr.



Sófar
20-30% afsláttur

-Dæmi

Apron 2ja sæta
30% afsláttur

Verð frá 150.710 kr.

Verð áður 215.300 kr.

Fæst í 3 litum og fleiri stærðum



Stólar
20-70% afsláttur

-Dæmi

Cliff
20% afsláttur

Verð frá 143.040 kr.

Verð áður 178.800 kr.

Fæst í 9 mismunandi litum/útgáfum



Hægindastólar
20% afsláttur

-Dæmi

Wizar
20% afsláttur

Verð frá 167.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

Fæst í tau og leðri í 14 mismunandi litum



Sófaborð
20-60% afsláttur

-Dæmi

Latina
20% afsláttur

Verð frá 111.840 kr.

Verð áður 139.800 kr.

Stærð 71 x 117cm



Skápar og skenkir
20-30% afsláttur

-Dæmi

Skenkur
30% afsláttur

Verð frá 81.550 kr.

Verð áður 116.500 kr.

Fæst í 3 mismunandi stærðum
Stærð 160 x 45cm



Rúm
20-40% afsláttur

-Dæmi

Glódís

Lúxus sýningarrúm

40% afsláttur

Verð frá 277.560 kr.

Verð áður 462.600 kr.

Stærð 160 x 200cm .
Dýna, botn, fætur og höfðagafi

Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Tilboð gilda meðan birgdir endast

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Vilja frekar deyja eða slasast í stað þess að fara í skólann

linda@frettabladid.is

MENNTUN Alma Björk Ástþórsdóttir, móðir drengs í grunnskóla með sérþarfir, segir stefnuna um skóla án aðgreiningar hafa mistekist algjörlega.

„Það er fullt af börnum í grunnskóla í mikilli vanlíðan. Þessi vandi er ekki synilegur öðrum því fólk

þorir ekki að stíga fram og segja frá og við erum líka með kennara sem eru að gefast upp og skólustjórnendur sem eru að gefast upp,“ sagði Alma í gærkvöldi á Fréttavaktinni á Hringbraut. Foreldrar barna með sérþarfir vilji ekki að börnin þeirra verði stimulud sem einhver tilfelli og skólustjórnendur vilja ekki segja skólann ekki standa sig.



Alma Björk Ástþórsdóttir.

Taugaþroskaröskun, málþroskaröskun, heyrnarskerðing og einhverfuróf og ADHD, eru dæmi um það sem krefst sérstakrar meðhöndlunar í skólanum. Krafan er að lögbinda stöðu þroskaþjálfara, iðjuþjálfara og félagsráðgjafa í alla grunnskóla landsins.

Yfir 2.700 manns eru í hópi á Facebook sem nefnist Sagan okkar.

Þar kemur fram að börnum líði jafnvel svo illa í skóla að þau segjast frekar vilja deyja, eða slasast, til að þurfa ekki að mæta.

Alma segir sumum þessara barna líka hafnað af samfélaginu utan skólans. Barnið fær ekki þá hjálp sem það þarf í skólanum og það litar allt líf þess og fjölskyldunnar, segir hún. ■

Barnabætur verði án skerðinga

svavamarin@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, vill að hjón með 1,2 milljónir króna í samanlögð mánaðarlaun fái fullar barnabætur án skerðingar. Hann segir sambærilegt kerfi vera á Norðurlöndunum.

„Ég hef trú á að flokkar eins og Framsókn, Sósíalístaflokkurinn, Vinstri grænir og Viðreisn og Píratar myndu styðja við þetta markmið,“ segir Logi. ■



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Auðlindagjald verði millifært

arib@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, vill að allir fullorðnir Íslendingar fái millifært auðlindagjald sem ríkissjóður fær frá fyrirtækjum. Miðað verður við að fyrsta árið verði millifærslan um 100 þúsund krónur.

„Þá er kominn hvati sem stjórnmálamennirnir og kerfið þurfa á að halda til að fjármagna þetta með sanngjörnum hætti,“ segir hann.

Tryggja þarf að þetta verði ekki til að draga úr hagkvæmni auðlindanýtingar. „Ef nýting auðlinda á að skila einhverju til samfélagsins þá finnst mér eðlilegt að því sé skilað jafnt. Ekki að það renni bara inn í báknið og leysist þar upp án þess að fólk finni nein bein áhrif.“ ■

Launahækkunar hins opinbera birtist sem kröfur á almenna markaðinum

Formaður VR stéttarfélags segir hlutfallslega miklar launahækkunar opinberra starfsmanna leggja línurnar fyrir næstu kjaraviðræður. Formaður Samtaka atvinnulífsins telur hækkunar neikvæða þróun.

thorgurimur@frettabladid.is

KJARAMÁL „Hið opinbera er að leggja línurnar fyrir almenna markaðinn í komandi kjaraviðræðum. Það er eina ályktunin sem ég dreg af stöðunni.“

Þetta sagði Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR stéttarfélags um nýlegar tölur frá Hagstofu sem sýna að laun starfsmanna hins opinbera hækkðu um tvöfalt meira en starfsmanna á almennum markaði, frá 2020 til 2021. Á milli maímánaða hækkðu laun á almennum markaði um 5,8 prósent en um 12,4 prósent hjá hinu opinbera og um 14,5 prósent hjá sveitarfélögum.

„Það er erfitt fyrir okkur í verkalyðshreyfingunni að gagnrýna aðrar stéttir,“ sagði Ragnar um þetta misræmi í launahækkunum. „Mín nálgun er sú að þegar aðrar stéttir eru að fara fram úr okkur í kjörum þá leggjum við svoltið línurnar fyrir okkur um hvað við ætlum að sækja í fyrir næstu kjarasamninga. Þar horfum við náttúrlega til kjarasamninga embættismanna – meðal annars alþingismanna, sem hafa fengið veglegar hækkunar langt umfram það sem við sömdum um í okkar kjarasamningum.“

Ragnar segir að VR eigi eftir að gera faglega úttekt á gögnum Hagstofu, en að lítið verði til allra atriða í vinnu við næstu kröfugerð. „Ef þetta eru línurnar sem er verið að leggja fyrir almenna vinnu markaðinn fyrir komandi kjaraviðræður, mögulega endurskoðun kjarasamninga, þá



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, með kjarasamninginn í höndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það er mikil óheillaþróun sem við sjáum í þessum tölum.



Halldór Benjamin Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

í sjálfu sér liggur alveg fyrir hver grunnurinn á okkar kaupkröfu verður í aðdraganda næstu samninga.“

Ragnar telur að nægt svigrúm sé til launahækkana á almennum markaði. „Við sjáum að fyrirtækjum gengur almennt mjög vel á vinnu markaði og að launakostnaður hefur hlutfallslega lækkað. Við erum með tölulegar staðreyndir fyrir framan okkur sem sýna ákveðið svigrúm sem er að byggjast upp,“ segir hann.

„Það er alveg klárt mál að staða fyrirtækja á almennum markaði, að ferðapjónustunni undanskilinni, hefur batnað verulega og er miklu betri en látið var af í aðdraganda Covid-kreppunnar. Þegar við höfum allt þetta fyrir framan okkur þá erum við að sjá hvaða svigrúm er til staðar.“

Halldór Benjamin Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, er ekki hrifinn af launahækkunum hins opinbera. „Það er mikil óheillaþróun sem við sjáum í þessum tölum. Þetta er þó að vissu leyti fyrriséd. Auðvitað er það þannig að þegar við förum í krónutöluhækkunar þá verða hlutfallslega mestu hækkunar á lægstu taxtana, sem eru hjá sveitarfélögum,“ segir hann.

„Það er alveg ljóst að breytingar sem samið er um í kjarasamningum opinberra starfsmanna hafa í gegnum söguna birst sem kröfur á almenna markaðinum með tíma-töf. Í næstu samningalotu má gera ráð fyrir því að þar sem opinberi geirinn hafi farið fram úr hinum almenna muni þær kröfur framkallast á samningaborðinu.“ ■

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

NÝ SENDING - EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



VEISLUVIKA

24. - 30. ÁGÚST - TAKE AWAY

USA ★ COMBO 1.990

STÓR PÖNNUPIZZA - PEPPERONI • 5 VÆNGIR - BBQ EÐA BUFFALO

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði





Borgarstjóri við tré ársins.

Heggur tré ársins

arnartomas@frettabladid.is

NÁTTÚRA Tré ársins 2021 var útnefnt í gær, en um er að ræða hegg sem stendur í gömlu gróðrarstöðinni við Rauðavatn í Reykjavík.

Í tilefni þess fór fram formleg athöfn um eftirmiðdaginn í gær þar sem Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, veitti heggnum viðurkenningarskjal.

Viðurkenningin var veitt á vegum Skógræktarfélags Íslands. Útnefningunni er ætlað að beina sjónum almennings að trjá- og skógrækt. ■

Vanrækslugjöld hækka talsvert

arnartomas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Grunnfjárhæð vanrækslugjalds vegna óskoðaðra ökutækja hefur hækkað mikið. Þeir sem fengu tilkynningu um álagningu vanrækslugjalds í byrjun júlí geta nú átt von á tvöföldun gjaldsins í byrjun september, bregðist þeir ekki við.

Gjaldið tvöfaldast ef ökutækið er ekki fært til sköðunar innan tveggja mánaða frá álagningu gjaldsins og hækkar því í 40 þúsund fyrir alla bíla og í 80 þúsund fyrir stærri ökutæki. ■

Beðið eftir skýrslu um aðstæðurnar

benediktboas@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Björn Ingimarsson, hafnarstjóri í Seyðisfjarðarhöfn, kom fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings í gær og fór yfir stöðu mála vegna fyrirhugaðra aðgerða við oliuleka úr El Grillo.

Þar kom fram að beðið væri eftir skýrslu frá Landhelgisgæslunni, sem kannaði aðstæður neðansjárvar í síðustu viku og að hafnaryfirvöld væru í stöðugu sambandi við Umhverfisstofnun vegna málsins. ■

Hugnast ekki útboð aflaheimilda

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi leggja gegn því að aflaheimildir verði boðnar út. Þjóðareign segir ekki rétt að miða við reynslu Færeyinga. Ráðherra segir veiðigjald þegar tengt markaðnum.

thorvaldur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, leggja gegn þeirri tillögu Þjóðareignar að bjóða út 5-10 prósent aflaheimilda árlega. Í könnun sem framkvæmd var á vegum Gallup, kemur fram að yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga, eða 76,6 prósent, er hlynntur því að útgerðin greiði markaðsgjald fyrir afnot af fiskimiðum.

„Uppboð afla hugnast okkur ekki. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að þau gefa ekki góða raun. Það er aukin samþjöppun, aukin skuldsetning, verri umgengni við auðlindina og í ljós kemur að það eru hinir stærri og sterkari sem bera sigur úr býtum á uppboðum. Þannig að ef hugsunin er að halda sjávarútvegi í dreifðri eignaraðild þá eru uppboð ekki ákjósanleg leið,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir veiðigjaldið nú þegar hafa tengingu við markað.

„Samkvæmt lögum greiðir sjávarútvegurinn á Íslandi veiðigjald sem byggir að nokkru leyti á markaðnum fyrir sjávarfang, er 33 prósent af aflaverðmæti. Veiðigjaldið hefur að þessu leyti tengingu við markað með sjávarafurðir,“ segir hann.


„Þegar vel árar þá hækka gjaldið og þegar illa árar þá lækka það.“

Þjóðareign, samtök áhugafólks um að þjóðin fái sanngjarnt afganggjald fyrir auðlindir, hafnar því að útboð muni leiða til þess að stærri útgerðir nái til sín meiri kvóta en nú er, þar sem lög í landinu banni slíkt og þeim þurfi einfaldlega að framfylgja.

Þá telja samtökin að útboð myndi tryggja dreifingu og jafnt verð fyrir alla sem bjóða yfir lægsta útboðsverði og auðvelda nýliðun í sjávarútvegi þar sem allir geta boðið í aflaheimildir á opnum markaði.

Bolli Héðinsson, forsvarsmáður Þjóðareignar, segir að til að skapa sátt um sjávarútveg verði að eyða tortryggni. Til þess þarf aðferðin til að úthluta aflaheimildum að vera einföld og gagnsæ. Hann segir óvæntustu niðurstöður könnunarinnar vera hversu afgerandi stuðningur er við hugmyndina þvert á

Afstaða fólks til útboðs aflaheimilda eftir stuðningi þeirra við stjórnvaldaflokkka



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.



Bolli Héðinsson, hagfræðingur og forsvarsmáður Þjóðareignar.




Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



Þetta er mjög afgerandi stuðningur alls almennings hvar sem borið er niður.

Bolli Héðinsson, forsvarsmáður Þjóðareignar.

Afstaða fólks til útboðs aflaheimilda eftir búsetu



alla flokka. „Þetta er mjög afgerandi stuðningur alls almennings hvar sem borið er niður,“ segir Bolli.

Heiðrún Lind segir að tilraunir Færeyinga til þess að bjóða upp aflaheimildir hafi ekki heppnast vel.

„Reynsla Færeyinga er sú að það var engin nýliðun í þeim uppboðum sem þeir framkvæmdu. Ég tel uppboð ekki réttu leiðina til að hámarka verðmæti sjávarauðlindarinnar. Síðan liggur fyrir að fyrsta skrefið fælist í því að innkalla þær aflaheimildir sem á að bjóða út. Þessar æfingar myndu mjög fljótt

þurrka upp eigið fé í sjávarútvegi og auka á samþjöppun. Það hugnast mér ekki,“ segir Heiðrún.

Bolli segir að tilraunir Færeyinga til að bjóða út aflaheimildir hafi misheppnast og telur að það hafi ekki verið eiginlegt uppboð.

„Eftir lýsingum að dæma var sú aðgerð öll í skötulíki og fráleitt að hægt sé að miða við hana sem raunhæfan valkost. Það er ekki nóg að gefa hlutunum nafn og segjast þá hafa framkvæmt það sem í nafninu ætti að vera fölgð,“ segir Bolli. ■

SJÁ FRÉTTAVAKTINA Í KVÖLD

Þúsundir bíða brottfarar í Kabúl

arnartomas@frettabladid.is

AFGANISTAN Meira en tíu þúsund manns bíða nú á flugvællinum í Kabúl eftir að komast frá Afganistan. Samkvæmt heimildum fréttastofu BBC hafa talibánar umkringgt flugvöllinn og beita afganska borgara á svæðinu mikilli hörku.

Talibánar tilkynntu fyrr í vikunni að afgönskum borgurum yrði ekki leyft að fara á flugvöllinn og biðluðu til Bandaríkjamanna að hvetja ekki Afgana til að yfirgefa landið. Joe Biden Bandaríkjaforseti mun ekki fresta brottför Bandaríkjahers frá landinu 31. ágúst, þrátt fyrir alþjóðlegan þrýsting.

Rauði krossinn á Íslandi fagnar ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að taka við 120 flóttamönnum frá Afganistan, en bendir á að mikill fjöldi fólks reyni nú að komast frá Afganistan til Íran og Pakistan.



Þúsundir reyna nú að yfirgefa landið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Við höfum verið að varpa ljósi á að þetta sé kannski fámennasti hópurinn sem sé í þörf fyrir aðstoð í Afganistan, þótt hann sé alls ekki í minnstri hættu,“ segir Atli Viðar Thorstensen, sviðstjóri Hjalpar- og mannúðarsviðs hjá Rauða krossinum á Íslandi. „Það eru hundruð þúsunda sem eru á flotta innan Afganistan á leið til landa á borð við Pakistan og Íran, sem hafa sagt að mögulega verði engum hleypt í



Bandaríkjaher mun yfirgefa Afganistan eftir fimm daga.

gegn. Þetta er því fólk sem á á hættu að verða flóttafólk í eigin landi við mjög slæmar aðstæður.“

Neyðarsöfnun Rauða krossins fyrir fólk í Afganistan hefur að sögn Atla verið tekið vel og hafi hátt í þúsund lagt samtökunum lið. „Við vonumst til þess að ná til allt að þrjú þúsund einstaklinga og fyrirtækja til að leggja verkefninu lið svo hægt sé að styðja við lífsnauðsynlega innviði í Afganistan,“ segir hann. ■

Aðalfundur



Neytendasamtökir

Aðalfundur Neytendasamtakanna verður haldinn laugardaginn 30. október.

Framboð til stjórnar þurfa að berast samtökunum fyrir 15. september.

Sjá nánar á ns.is

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ



BORN IN ROMA
THE NEW FRAGRANCES

VALENTINO

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VALENTINO
ILMUM DAGANA 26. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER

HAGKAUP
Snyrtivara

Macland orðið viðurkenndur þjónustuaðili Apple

helgivyfyll@frettabladid.is

Macland er orðið að viðurkenndum þjónustuaðila Apple á Íslandi. Nú getur fyrirtækið veitt allhliða þjónustu á vörum frá Apple.

„Vottunin breyttir öllu um hve vel við getum þjónustað einstaklinga og fyrirtæki,“ segir Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland. Auk þess muni hagur neytenda vænkast því fram að þessu hafi einungis eitt fyrirtæki verið viðurkenndur þjónustu- og söluaðili Apple.

Hann segir að Macland horfi til þess að sækja fram bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði, enda muni fyrirtækið geta boðið mun betri þjónustu en áður, eins og til dæmis flýtiþjónustu eftir að samningar náðust við Apple. Macland þurfti því áður að treysta meðal annars keppinautum til að þjónusta Apple-vörur í ábyrgð sem keyptar voru hjá fyrirtækinu. Hörður segir að Macland hafi verið stofnað árið 2009 í eldhúsinu heima hjá honum, í tengslum við tölvuvíð-



Hörður Ágústsson segir Macland vera orðið annað fyrirtæki með þessari vottun frá Apple.

gerðir. Grunnurinn að rekstrinum hafi því ávallt verið þjónusta við viðskiptavinum. „Nú getum við keppt á jafnræðisgrunni en fram að þessu

var leikurinn ójafn,“ segir hann.

Annað dæmi um ábatann af samningnum við Apple, segir Hörður, sé að nú geti Macland veitt öllum Apple-notendum þjónustu, sama hvaðan þeir koma, til dæmis geti nú erlendir ferðamenn komið með Apple-tæki í viðgerð í Macland.

Í sumar keypti Macland verkstæðishluta símatryggingafélagsins Viss og í tengslum við kaupin gengu hluthafar Viss í eigendahóp Maclands.

Macland hefur vaxið hatt á einu ári. Starfsmannafjöldinn óx úr átta í 22. Það má meðal annars rekja til þess að þriðja verslunin var opnuð í Armúla, þar sem verkstæðið er til húsa, en fyrir rak fyrirtækið verslanir á Laugavegi og Kringlunni. Auk þess fjölgaði starfsmönnum eftir kaupin á verkstæði Viss og starfsmönnum á skrifstofu var fjölgað meðal annars í því skyni að sinna aukinni sókn á fyrirtækjamarkað. „Þetta er orðið annað fyrirtæki,“ segir Hörður. ■



Ferðamönnum snarfækkaði vegna faraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ALP tapaði 804 milljónum króna

helgivyfyll@frettabladid.is

Tekjur ALP, sem rekur bílaleigu undir merkjum Avis og Budget, drógust saman um 59 prósent á milli ára og námu 1,8 milljörðum króna árið 2020. Samdráttinn má rekja til færri ferðamanna vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

ALP tapaði 804 milljónum króna árið 2020, samanborið við 39 milljóna tap árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta var 535 milljónir króna í fyrra samanborið við rúma 1,5 milljarða árið 2019. Afskriftir geta vegið þungt í rekstri bílaleiga.

Eigið fé ALP var 297 milljónir króna við árslok 2020 og eiginfjárlutfallið fimm prósent, en á sama tíma fyrir ári var eiginfjárlutfallið 14 prósent.



ALP rekur bílaleigu undir merkjum Avis og Budget og er næststærsta bílaleiga landsins miðað við fjölda bíla á eftir Bílaleigu Akureyrar.

Fram kemur í ársreikningi ALP fyrir árið 2020 að bifreiðar séu bókfærðar á 4,1 milljarð króna, en stjórnendur áætli að endursöluverði þeirra sé 4,95 milljarðar króna. Fyrirtækið færði fasteignir upp um 71 milljón og nemur nú bókart virði þeirra 1,1 milljarði króna.

ALP er næststærsta bílaleiga landsins miðað við fjölda bíla á eftir Bílaleigu Akureyrar, samkvæmt gögnum frá Samgöngustofu.

Áætlanir stjórnenda ALP taka mið af því að koma félaginu í gegnum heimsfaraldurinn og telja þeir að félagið sé rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð. Aftur á móti, ef áætlanir þeirra gangi ekki eftir, segir í ársreikningnum, og efnahagslegur samdráttur verði langvarandi, sé veruleg óvissa um rekstrarhæfi ALP.

Rac Holding, sem rekur Avis og Budget í Skandinavíu, á 45 prósent hlut í ALP og Hjálmar Pétursson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, á 35,5 prósent hlut. ■

Gagnrýna hækkun stýrivaxta

Sérfræðingar segja að efnahagsbatinn sé brothættur og því óráðlegt að hækka stýrivexti, eins og Seðlabankinn tilkynnti um í gær. Seðlabankastjóri segir að bankinn hafi núna ákveðið að stíga til hliðar í kaupum á ríkisskuldabréfum á markaði.

helgivyfyll@frettabladid.is

„Við áttum ekki von á að peningastefnunefndin myndi hækka vexti á þessum tímamarki,“ segir Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans.

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í gær um 0,25 prósent, í 1,25 prósent. Í rökstuðningi var vísað til batnandi horfa í efnahagslífinu og að verðbólga væri umtalsverð. Verðbólga mælist nú 4,3 prósent en verðbólgu-markmiðið er 2,5 prósent. Þrjár opinberar spár greinenda gerðu ráð fyrir óbreyttum vöxtum, en fjárfestar gerðu ráð fyrir hækkuninni miðað við verðlagningu skuldabréfa í Kauphöllinni.

„Á sama tíma og það er aukin óvissa um framþróun Covid-19 faraldursins, bæði vegna útbreiðslu Delta-afbrigðisins og hægs gengis bólusetninga í fátækari ríkjum heimsins, erum við að sjá merki um að verðbólga hafi náð hámarki og muni lækka niður í markmið um mitt næsta ár. Það eru því engin augljós merki um að það hafi verið aðkallandi að hækka stýrivexti á þessu stigi, enda ljóst að efnahagsbatinn er afar brothættur og útlán bankakerfisins til fyrirtækja enn að dragast saman, sem er merki um að atvinnuvegafjárfesting er enn ekki farin að taka við sér,“ segir Daníel.

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku eignastýringu, segir að ákvörðun Seðlabankans hafi ekki komið „sérstaklega á óvart“ að því leyti til að markaðurinn hafði verðlagt bæði þessa hækkun og umtalsvert fleiri vaxtahækkunir í verðskuldabréfa. Þótt verðbólguvæntingar, einkum til lengri tíma, hafi fæst að markmiði og vísbendingar séu um að verðbólga sé á leið niður, vill Seðlabankinn festa verðbólguvæntingar enn betur í sessi. Vaxtahækkun sé ein leið að því takmarki.

„Aðalþátturinn í ákvörðuninni virðist þó vera kröftugur gangur í hagkerfinu á þessu ári sem og minnkandi atvinnuleysi, en ekki síst að bankinn er bjartsýnn á að Delta-afbrigðið muni hafa lítill áhrif á efnahagsbatann horft fram á veginn,“ segir hann, en nefnir að blikur séu á lofti. Máli sínu til stuðnings vísar hann í breyttar væntingar neytenda vestanhafs og þróun á erlendum skulda- og hlutabréfamörkuðum þegar litid sé til fyrirtækja sem tengjast ferðaþjónustu, sem bendi til að óvissan í þeirri atvinnugrein sé mikil.

„Líklega er efnahagsbatinn því brothættari en lesa mátti úr skilaboðum Seðlabankans í dag. Einnig tóltó seðlabankastjóri að mínus 2,5 prósent raunstýrivextir væru



Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist binda vonir við að ekki þurfi að hækka vexti eins mikið og áður hefur þekkt til að viðhalda jafnvægi í hagkerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Seðlabankastjóri segir bankakerfið aldrei hafa staðið sterkar

hordur@frettabladid.is

Seðlabankastjóri telur að bankarnir séu í kjöraðstæðum til að styðja við fjárfestingu í atvinnulífinu, nú þegar efnahagslífið er að rétta úr kútnum eftir kórónuveirufaraldurinn.

„Bankakerfið hefur aldrei staðið jafn sterkt og það gerir nú, frá því eftir fjármálaáfallið árið 2008,“ útskýrir Ásgeir Jónsson í samtali við Markaðinn.

„Par skipta máli aðgerðir stjórnvalda á liðnu ári, eins og að loka fyrir móttöku 30 daga bundinna innlána í Seðlabankanum, sem hafði þau áhrif að ýta mjög miklu lausafé út í hagkerfið sem jók eftirspurn – og innlán í bönkunum hafa á sama tíma aukist mjög mikið. Þá hafa viðskiptabankarnir almennt verið að hagræða í rekstrinum hjá sér og kostnaðarhlutföll þeirra lækkað. Þessar aðgerðir ættu að skila því að vaxtamunur bankanna lækki þegar fram í sækir. Við sjáum því mjög jákvæð teikn á lofti í bankakerfinu,“ segir Ásgeir, og bætir við:

„Þrátt fyrir að sumir séu að býsnast yfir því að bankarnir séu nú að skila góðum hagnaði, þá er rétt að muna að í fyrra voru áhyggjurnar þær að bankarnir myndu steikjast í þessum faraldri. Sterk staða þeirra er því meðal annars til marks um hversu miklum árangri mótvægisáðgerðir Seðlabankans og stjórnvalda hafa skilað.“

Fram kemur í Peningamállum að bankinn hafi keypt skuldabréf fyrir 22,6 milljarða króna frá því að hann boðaði slík kaup á ríkisskuldabréfum í maí 2020.

Aðspurður hvort bankinn sé hættur að beita sér á skuldabréfamarkaði, stundum nefnt magnbundin íhlutun, segir Ásgeir að bankinn ætli núna að stíga til hliðar. „Við hættum að leggja fram kauptilboð í júlí og peningastefnunefnd er sammála um að biðja og sjá núna hver þróunin verður á markaði – þótt þessi heimild verði að sama skapi áfram til staðar. Við getum gripið til aðgerða aftur ef aðstæður kalla á það.“

Seðlabankastjóri bætir því við að þær aðgerðir sem gripið var til í upphafi faraldursins, mikil og skjót lækun vaxta ásamt því að afnema vexti á bundnum innlánum í Seðlabankanum, hafi haft afar jákvæð áhrif og þá hafi einnig gengið betur að fjármagna ríkissjóð en reiknað var með.

„Þegar lokað var fyrir bundnu innláni í Seðlabankanum, þá fóru bankarnir að kaupa þess í stað stutta ríkisvixla og þannig tóku þeir að sér það hlutverk að fjármagna ríkissjóð. Þá má ekki gleyma því að salan á hlut í Íslandsbanka, sem skilaði ríkissjóði 55 milljörðum, létti mjög á lánsfjárförfinni auk þess sem skjótari efnahagsbati en áður var áætlað þýðir að staða ríkisfjármála er sterkari en ella.“

of lágir miðað við stöðuna í dag, en gallinn við þann mælikvarða er að hann lýsir liðinni tíð – miðað við verðbólguþá Seðlabankans og þá vaxtaþróun sem lesa má úr þróun ríkisbréfa, verða raunstýrivextir

orðnir vel jákvæðir á seinni hluta næsta árs. Heimili og fyrirtæki eru því að festa vexti í dag miðað við miklu hærri vexti en nemur stýrivöxtum Seðlabankans og skammtavextir því ekki einhlítur mæli-



Það eru því engin augljós merki um að það hafi verið aðkallandi að hækka stýrivexti á þessu stigi, enda ljóst að efnahagsbatinn er afar brothættur og útlán bankakerfisins til fyrirtækja enn að dragast saman.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans.

kvarði á vaxtaaðhald bankans.

Að því sögðu mun Seðlabankinn vera með nóg af upplýsingum til að taka ákvarðanir á næstu fundum og er alls ekki víst að vaxtahækkunir verði jafntíðar og margar og markaðir hafa verið að verðleggja undanfarið. Mikill viðsnúningur á íbúðalánum úr fljótandi í fasta vexti gæti sem dæmi hraðað því að vaxtahækkunir Seðlabankans bití, þar sem munur á fljótandi og föstum vöxtum er í dag um prósent, en vaxtaálag bankanna á fasta vexti á sama tíma umtalsvert lægra en á fljótandi vöxtum.

Það er því líklegt að með hverri vaxtahækkun Seðlabankans minnki líkurnar á að næsta vaxtahækkun verði að veruleika, gangi verðbólgan niður á næsta ári líkt og bankinn spáir,“ segir Agnar Tómas. ■

NÚ ER ÞAÐ SVART



OG LÍKA RAUTTI

Nýi Opal pakkinn á sér tvær hliðar. Við mælum með því að smakka þær saman. Prófaðu alveg nýjan Opal frá Nóa Sírius með Hindberja og Saltlakkrís - í einum pakka!
Opal, bætir andrúmsloftið



Horft eftir Hvannárgili í átt að Krossá. Merkursungur til vinstri og Réttarfell fjær til hægri.

MYND/ÓMB

Í bakgarði Goðalands



Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúru-unnandi.



Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari.

Norður af Fimmvörðuhálsi og skammt frá Eyjafjallajökli er Goðaland sem teygir sig norður að Krossá, en norðan hennar er Þórsmörk. Einkennandi fyrir bæði Goðaland og Þórsmörk eru birkivaxnar hliðar og gil sem jafnframt skarta lágvöxnu kjarri og mosa. Eftir Kötlugosið 1918 var hætt að beita sauðfé í þessum skógum sem við það náðu vopnum sínum. Sama á við um annan gróður og plöntur sem líkt og birkid þrífast vel í skjóli þriggja jökla sem umlykja Goðaland og Þórsmörk. Þar á meðal er ætihvönn (*Angelica archangelica*) en frá landnámi hefur hún verið vinsæl lækningajurt og jafnframt nýtt til matar. Hin síðari ár hefur ætihvönn aðallega verið nýtt sem krydd í mat og áfengi líkt og Hvannarótarbrennivín ber vitni um. Áður fyrr var hvönn aðallega notuð við meltingartruflunum en einnig til að losa slím í öndunarvegi. Síðari tíma rannsóknir hafa síðan sýnt að í henni eru sýkladrepani efni sem einnig geta styrkt ónæmiskerfið og jafnvel haft virkni gegn krabbameinsfrumum. Hvönn er sérlega áberandi í giljum Goðalands og því kemur ekki á óvart að eitt stærsta gilið heiti einmitt Hvannárgil. Það felur sig á bak við tignarlegan Útigönguhöfða (805 m) og eftir botni þess rennur Hvanná sem í vatnavöxtum getur verið farartálmi á leiðinni inn í Þórsmörk. Vaðið er skammt frá Krossá en tveimur kílómetrum innan skiptist Hvannárgil síðan í Norðurgil og Suðurgil og eru klettóttar Merkursungur á milli þeirra.

Ganga meðfram Hvannárgili er stórkostleg upplifun. Hægt er að hefja gönguna í skála Útivistar í Básum eða frá skála Ferðafélags Íslands í Langadal og er þá farið yfir Krossá á göngubrú. Óruggast er að fylgja stikum og halda sig á gilbörnum því Hvanná getur verið illvæð. Stefnt er á Votupalla neðan Útigönguhöfða en í stað þess að halda á tindinn er sveigt til hægri. Þar er gengið í bröttum en grónum hliðum þar sem falleg hvönn, mosi og annar gróður gleður augað. Gönguleiðin telst ekki erfið en er þó ekki fyrir lofthrædda. Smám saman þrengist gljúfrið uns komið er að Heljarkambi, en hann er einn helsti farartálminn á leiðinni yfir Fimmvörðuháls. Gengið er norðan hans upp á Morinsheiði, fram hjá Heiðarhorni og niður Kattarhryggi í Bása. Þessi hringur tekur um 6-8 klukkustundir en einnig má taka útdúra eins og ganga yfir Fimmvörðuháls í Skóga eða toppa Útigönguhöfða sem er sannkallaður útsýnis-pallur yfir Goðaland. ■



Í Hvannárgili er víða að finna fallega hvönn sem tekur sig vel út í hrikalegu umhverfinu.

MYND/TG



Horft inn Hvannárgil rétt eftir að það klofnar í Norðurgil og Suðurgil. Útigönguhöfði fyrir miðri mynd.

MYND/TG



GÓLFEFNA ÚTSALA 20-70%*

PÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, PARKETI, DÚKUM OG TEPPUM

*Gildir frá verðlistaverði



 **ÁLFABORG**
- allt á gólfið -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Kerfisbjörg



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Erfiðasta ráðuneyti sem nokkur stjórn-
málamaður getur stjórnað er heilbrigðis-
ráðuneytið. En það er líklega vegna þess
að hann getur ekki stjórnað því.

Ráðherrar þessa víðamikla og flókna mála-
flokks hafa margir hverjir – ef ekki flestir –
komið þaðan laskaðir og særðir í pólitískum
skilningi. Ástæðan er ofríki málaflokksins sjálfs.
Hann hefur sankað að sér öllum völdum – og
ræður sér sjálfur fyrir vikið.

Þetta hefur blasað við hverjum heilbrigðis-
ráðherra af öðrum. Þeir byrja keikir, þess
albúnir að taka til hendinni, breyta um kúrs,
bylta og bæta, en bogna fljótt – og ganga í björg.
Og það er akkúrat eftir að þeir hafa áttað sig á því
að valdið er ekki þeirra, heldur málaflokksins.

Íslensk stjórnsýsla er valdamesta apparat
landsins. Hún veit það betur en nokkurt annað
fyrirbrigði á landinu að stjórnmalamenn koma
og fara – og fara raunar hraðar en nokkru sinni
á síðasta áratug eða svo. Það sama á við um ráð-
herrana. Þeir ná stundum kjörtímabili, stundum
minna. Eftir sitja embættismennirnir, hinir
raunverulegu valdsmenn, að vísu ekki með neitt
lýðræðislegt umboð, en leggja þó línurnar og
leyfa sér það sem hentar kerfinu sjálfu, af því að
kerfið er þeirra.

Óvíða sést þetta betur en í heilbrigðiskerfinu.
Þar hefur ekki nokkrum einasta manni með
lýðræðislegt umboð tekist að rjúfa tilvísana-
hringavitleysuna, sem snýst um það að geta verið
stofnanalæknir að morgni en einkastofulæknir
síðdegis, með því að greina sjúklinginn á fyrri
staðnum en gera svo við hann á þeim seinni.

Engum heilbrigðisráðherra hefur enn þá
tekist að leysa upp þennan kerfislæga víthring.
Fyrir vikið sitja landsmenn uppi með blandaða
sjúkrahússtarfsemi þar sem skilin á milli opin-
bers reksturs og einkareksturs eru í besta falli
óljós.

Afleiðingin er stjórnlaus fjáraustur úr sjóðum
rikisins, enda má heita að helstu sérfræðingum
í faginu sé fengið í hendur opinbert ávísanahefti
sem þeir fylla út að eigin geðþótta.


Einkarekstur er eitt. Opinber rekstur er annað.
Hvoru tveggja á rétt á sér. Og það getur oft og
tíðum reynst búbot fyrir opinbera reksturinn að
leita eftir tilboðum einkarekstursins í tilfallandi
verkefni. Og þá með útboðum, vitaskuld. Enda
getur ríkið sparað pening með því móti.

En að blanda þessum rekstrarformum saman
eftir geðþótta sérfræðinga og embættismanna
er glórulaust – og heitir, vel að merkja, útþenslu-
hvetjandi eyðslusemi.

Kannski væri ráð að stjórnmalaflokkar, sem
vilja ögra þessu kerfi, bjóði fagmanni að setjast í
næsta ráðherrastól, læknismenntuðum rekstrar-
manni sem kann muninn á ríkisrekstri og einka-
rekstri. ■

”
Íslensk
stjórnsýsla
er valda-
mesta
apparat
landsins.
Hún veit
það betur
en nokk-
urt annað
fyrirbrigði
á landinu
að stjórn-
malamenn
koma og
fara.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arnartomas@frettabladid.is

Gríman í vasanum

Það er ástæða fyrir því að með-
virknistig þjóðarinnar sé jafn
rosalega hátt og raun ber vitni.
Rétt eins og klínkið sem við
notum aldrei geymum við nán-
ast öll okkar skítugu leyndar-
mál í vasanum og getum ekki
beðið eftir að einhver annar
verði fyrri til að stíga fram og
viðurkenna þau. Við skiljum
samt vel hversu mikil pína það
var fyrir landsliðsþjálfarana
að tala sig fram hjá hvers vegna
hinn og þessi væri ekki með
í landsliðshópi karla í knatt-
spyrnu. Við skiljum það öll,
enda biðum við í ofvæni eftir
að einhver annar verði fyrstur
til að viðurkenna að andlits-
gríman sín sé langt frá því að
vera dauðhreinsuð.

Kynlegir kvistir

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
hefur loksins sýnt spilin fyrir
kosningabaráttuna. Öll heimili
í landinu fá ávísun með mynd
af honum sem hægt verður
að innleysa ef hann verður
ráðherra. Þar að auki hefur
hann nóg annað á könnunni
en landbúnaðarráðherra hefur
loksins svarað spurningunni um
hvernig framreiða skuli kjöt svo
það sé hæft til mannelis. Það
kemur í ljós að það er bara á tvo
vegum, medium-rare og well done.
Tartare er, samkvæmt ráðuneyti-
nu, ekki matur. ■

Þrjátíu ára vinátta




Guðlaugur Þór
Þórðarson
utanríkis- og
þróunar-
samvinnu-
ráðherra.

Í dag eru liðnir þrjú áratugir frá því að Ísland tók upp
stjórnmalasamband við Eyrstrasaltsríkin; Eistland,
Lettland og Litáen. Önnur ríki fyldu fljótlega í kjöl-
farið og mánuði síðar voru þau öll orðin aðilar að
Sameinuðu þjóðunum. Þar með var sjálfstæðið endur-
heimt og fullveldi tryggt, en hvort tveggja hafði verið
fótum troðið með innlimun landanna í Sovétríkin.
Enn í dag däumst við að hugrekki, úthaldi og útsjónar-
semi þessara þjóða og Ísland er stolt af því að hafa
stutt sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Leiðir okkar liggja víða saman. Við erum nánir
bandamenn í Atlantshafsbandalaginu og á vettvangi
Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana.
Innan Evrópusamvinnunnar eru löndin þrjú mikil-
væg samstarfsríki, haukar í horni. Samstarf Norður-
landa og Eyrstrasaltsríkja fer ört vaxandi og þessi
ríkjahópur hefur itrekað sannað gildi sitt.

Viðskiptin skipta líka máli. Útflutningur á vörum
og þjónustu hefur verið ágætur í gegnum tíðina, en við
seljum til dæmis sjávarafurðir til þeirra og flytjum inn
timbur. Segja má að þetta sé dæmi um klassísk milli-
ríkjaviðskipti þar sem útflutningur byggist á styrk-
leikum hvers fyrir sig. Öflug íslensk fyrirtæki hafa líka
framleitt vörur í Eyrstrasaltsríkjunum og samvinna
sprotafyrirtækja fer vaxandi. Skapandi greinar eru
kröftugar í öllum löndunum og þar fléttast þræðir
víða saman. Ferðapjónusta fer vaxandi. Á sjöunda
þúsund Eista, Letta og Litáa búa og starfa á Íslandi og
leggja til samfélags okkar á hverjum degi.

Eg er þess fullviss að samskipti Íslands og Eyrstra-
saltsríkjanna megi enn efla. Þar er hin sameiginlega
saga, vinátta og virðing mikilvægur grunnur en einnig
sú staðreynd að við deilum sömu grundvallargildum
um lýðræði, réttarríki, öryggi og mannréttindi. Við
stöndum líka frammi fyrir sömu áskorunum, til
dæmis á sviði loftslagsmála og að laga efnahagslíf
okkar að framtíðinni til að tryggja áfram atvinnu og
velferð. Öll ríkin hafa sína styrkleika. Það nýstist öllum
ef við leggjum þessa styrkleika saman, og leiðum
áfram saman fyrirtæki og fólk. Ísland og Eyrstrasalts-
ríkin eru náttúrlegir bandamenn. ■



Brautirnar
eru
fáanlegar
með
mjúklökun

Mikið úrval
rennihurðabrauta frá

GEZE

Þýsk gæðavara.


JARN & GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 26. ágúst 2021



Tónskáldið Gabriel Ólafsson hefur lagt mikinn metnað í aðra breiðskífu sína, sem er væntanleg á næstu mánuðum. Plötunni verður dreift af bresku útgáfufyrirtæki en hún er rammisönsk. Hún byggir á íslenski ritlist, hljóðfæraleikararnir eru íslenskir og upptökurnar fóru fram í Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tónlist á að vekja tilfinningar

Tónskáldið Gabriel Ólafsson er búinn að taka upp aðra breiðskífu sína, en sú fyrsta, *Absent Minded*, sló í gegn á erlendum vettvangi. Gabriel er mjög spenntur fyrir því að gefa út nýju plötuna og hún er afar metnaðarfull, enda ætlar hann sér stóra hluti í tónlistinni. **2**

oddufrey@frettabladid.is

Gabriel Ólafsson er tónskáld sem verður 23 ára síðar á árinu. Hann var uppgötvaður þegar hann var 19 ára og þrátt fyrir stuttan tónlistarferil hefur hann vakið mikla athygli utan landsteinanna og verið kallaður undrabarn í erlendum fjölmiðlum, klófest plötusamning hjá erlendu útgáfufyrirtæki og gefið úr þrjár útgáfur

affyrstu breiðskífu sinni. Lögin hans hafa líka verið spiluð tugmilljón sinnum á streymisveitum, en vinsælasta lagið hans hefur fengið yfir 10 milljón spilanir, bara á Spotify.

Gabriel féll snemma fyrir því að búa til sínar eigin melódíur á píanó og var mikill kvikmynda-áhugamaður þegar hann var barn, sem leiddi hann út í að verða tónskáld. Hann hefur mikinn áhuga

á að gera kvikmyndatónlist, en er líka að undirbúa útgáfu á annarri breiðskífu sinni, sem er mjög metnaðarfull og kemur út síðar á þessu ári eða snemma á því næsta.

LOTR hafði mikil áhrif

„Það er rétt að það er óvenjulegt að vera svona ungur í þessum geira. Það er yfirleitt fólk sem er tvöfalt eldra en ég sem starfar við svona tónsmíðar,“ segir hann. „Ég byrjaði

á að spila á píanó þegar ég var fimm ára og fór í klassískt nám og lærði líka jazzpíanóleik í FÍH. Ég varð snemma ástfanginn af því að spila eftir eyranu og hef alltaf gert það mikið. Ég er líka ekki sá besti í að lesa nótur, svo ég var enginn draumanemandi í klassískri tónlist, en ég kláraði námið samt.

Ég hef líka alltaf elskað tónlist og hlustað mikið á hana og þegar ég var litill horfði ég mjög mikið á

TARAMAR

Afsláttarkóði: tm25



25% afsláttur á öllum vörum á www.taramar.is
+
Serum í kaupauka þegar verslað er yfir 15.000 kr

Góður liðsfélagi í dagsins önn



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

kvikmyndir," segir Gabriel. „Það var stórt augnablik fyrir mig þegar ég sá Lord of the Rings-kvikmyndirnar í fyrsta sinn, því tónlistin í þeim er svo mögnuð.“

Uppgötvaður á netinu

„Mér fannst snemma ótrúlega spennandi að ég gæti gert mínar eigin melódíur og samdi mitt fyrsta pianóverk þegar ég var 12 ára. Svo hélt ég áfram að semja og flutti svo eitt af lögnum mínum í sjónvarpi. Það var lagið Absent Minded, sem ég samdi þegar ég var 14 ára," segir Gabriel. „Í kjölfar þess höfðu nokkrir útlendingar samband við mig og hjálpuðu mér að gefa tónlistina mína út erlendis og þetta lag, sem endaði með því að vera titillag fyrstu plötunnar.“

Þessir útlendingar voru engir nýgræðingar í tónlistarbransanum, en það voru fulltrúar breska útgáfufyrirtækisins One Little Indian, sem gefur út tónlist Bjarkar, Ásgeirs Trausta, Emilíönu Torrini, Samaris, Fufanu og fleiri hæfileikaríkra Íslendinga. Þeir höfðu fallið fyrir tónlist Gabriels á Youtube og Soundcloud.

„Þessari fyrstu plötu hefur gengið betur en ég bjóst við. Ég held að hún sé komin upp í 30 milljón streymi milli allra streymisveitna," segir Gabriel. „Svona tónlist eins og mín er nokkuð vinsæl á netinu og það er bara frábært. Í gegnum útgáfufyrirtækið hef ég líka fengið hjálp við að skilja hvernig bransinn virkar.“


Ég er svo búinn að vera að semja miklu meira undanfarið og læra ótrúlega mikið af verðmætum hlutum, sérstaklega um hljóðupp-tökur, hljóðblöndun og hvernig er hægt að vinna tónsmíðar," segir Gabriel. „En svo kom Covid fljótlega inn. Ég var á leiðinni í fyrsta alvöru tónleikaferðalagið mitt, um Evrópu og Rússland, en því var aflýst vegna faraldursins. En það hefur verið í lagi, því ég hef getað eytt meiri tíma í hljóðverinu að semja og mér líður best þar.“

Þrjár útgáfur af sömu plötunni

Það hafa komið þrjár útgáfur frá Gabriel til þessa. Þær heita Absent Minded, Absent Minded Reworks og Piano Works og eru í raun þrjár útgáfur af sömu plötunni.

„Absent Minded kom fyrst, svo er Piano Works „live“ plata, þar sem ég spila aðrar útsetningar af lögnum á pianó. Ég fór með vini mínum, hljóðmanninum Bergi Þórissyni, í stúdíói eitt kalt vetrarkvöld og við tókum upp heila plötu á einni nóttu og notuðum gamalt upprétt pianó sem hefur mjög sérstakan og flottan hljóm," segir Gabriel. „Henni hefur gengið mjög vel á netinu.“

Svo var Reworks-platan alveg hrikalega skemmtilegt ferli, ég



fékk að velja fólk hérna heima og erlendis til að gera sínar útgáfur af lögnum mínum. Þetta var samvinnuverkefni með öðrum tónskáldum og ég vann meðal annars með japönskum slagverksleikara, þýskum teknóhaus, tónskáldi frá New York, Katie Buckley, sem er uppáhaldshörpuleikarinn minn, og Ástu Soffíu, sem er einn besti harmónikuleikari Íslands," segir Gabriel. „Þetta var alveg ótrúlega skemmtilegt.“

Byggir á íslenskri ritlist

Gabriel fær innblástur úr ólíkum áttum.

„Það fer eftir verkefninu. Fyrsta platan er svolítið bara æskan mín, ég var að semja lögin gegnum árin og þetta er innhverf plata sem er innblásin af hversdagslegum hlutum," segir hann. „En nýja platan er með mjög sterkt „concept“ og byggð á íslenskri ritlist. Það er ákveðið íslenskt skáld og rit-höfundur sem ég byggði plötuna á.“

Gabriel vill ekki gefa meira upp í bili, fyrir utan að viðkomandi sé ekki núlifandi.

„Ég er svolítið stoltur af fyrstu plötunni og þessum þremur útgáfum, sem eru í raun eitt verkefni. En ég er ótrúlega stoltur af plötunni sem ég er búinn að klára og ég get ekki beðið eftir að gefa hana út," segir Gabriel. „Ég fékk þann heiður að vinna hana með ótrúlega flottum íslenskum hljóðfæraleikurum og hún er tekin upp í sölum Hörpu, sem hafa óað-

Ég er ótrúlega stoltur af plötunni sem ég er búinn að klára og ég get ekki beðið eftir að gefa hana út. Ég fékk þann heiður að vinna hana með ótrúlega flottum íslenskum hljóðfæraleikurum og hún er tekin upp í sölum Hörpu, sem hafa óaðfinnanlegan, heimsklassa hljóm.

Gabriel Ólafsson

finnanlegan, heimsklassa hljóm. Mér finnst skemmtilegt að fyrsta alþjóðlega útgáfan mín verði í raun rammíslensk.

Það er enn þá meiri kvikmynda-tónlistarhljómur á henni, sterkar melódíur og dekkri tónar en áður. Ég myndi segja að hún hljómi þroskaðri," segir Gabriel. „Mér skilst að það verði búíð að gefa út hluta af henni núna í haust, en sjálf platan verði ekki komin í heild fyrr en rétt eftir áramót.“

Vill hafa ferskan hljóm

Gabriel er mjög metnaðarfullur tónlistarmaður sem hefur þrjú meginmarkmið í tónlistinni.

„Mig hefur alltaf langað að gera

tónlist við góða kvikmynd og vera hluti af heildinni á bak við slíkt verk," segir hann. „Ég myndi segja að núna fyrst sé ég með öll verkfærin til þess og allar byssur hlaðnar. Ég bið bara eftir rétta verkefninu. En kvikmyndagerð er ótrúlega flókið, dýrt og erfitt ferli og þess vegna vill fólk frekar setja svona verkefni í reyndari hendur. Ég er að biða eftir að einhver sé til í að taka séns á einhverjum ungum og metnaðarfullum.“

Svo er ég líka alltaf að eltaf að gefa út heilsteypt meistaraverk sem stendur á eigin fótum," segir Gabriel. „Kannski nær maður aldrei að vera svo sáttur við eigið verk, en á meðan ég hef gaman að því að gera tónlist er ég sáttur.“

Mig langar líka að gera nýklassíska tónlist sem er aðeins öðruvísi en annarra. Á nýju plötunni kem ég með nýjan og ferskan hljóm og það vil ég gera á öllum plötunum mínum," segir Gabriel. „Ég vil ekki gera framúrsteftulega tónlist bara til að gera tilraunir, ég vil gera tónlist sem snertir við fólk og vekur tilfinningar, því mér finnst tilgangur tónlistar vera að vekja tilfinningar. Ég er að leita að þessari miðju, þar sem tónlistin er skemmtileg, fersk og áhugaverð á sama tíma og hún er kunnugleg.“

Ég vil líka gera tónlist sem sem flestir geta heyrt. Það er skemmtilegt að heyra að fólk haldi upp á tónlistina manns, hún sé því kær eða hjálpi því. Það lætur mann vilja halda áfram," segir Gabriel.

Gabriel hefur nokkur markmið í tónlistinni. Hann langar að gera tónlist fyrir kvikmynd, skapa heilsteypt meistaraverk og hafa nýjan og ferskan hljóm á öllum plötunum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
HEIDA

„Ég held vonandi bara áfram að gefa út plötur þangað til ég verð eldgamall.“

Vinnur með nýju íslensku tónlistarfyrirtæki

Gabriel er nú tónskáld í fullu starfi, sem er nýtt fyrir honum.

„Ég hef unnið sem pródúser, hljóðmaður og píanisti en núna er ég svo ótrúlega heppinn að vinna bara sem tónskáld og það er alsæla," segir hann, en Gabriel vinnur að tónlistarsköpun sinni í Hörpu. „Ég er að vinna með nýju þjónustufyrirtæki sem starfar í ýmsu tónlistartengdu og er búíð að setja upp höfuðstöðvar hér og er alveg að fara að kynna sig, en ég má ekki segja meira í bili. Ég nýtti mér þjónustu þeirra við upptökurnar á plötunni og þessi þjónusta verður bráðlega í boði fyrir alla. Fyrirtækið hefur sett upp starfsemi í rými í Hörpu þar sem það tekur á móti tónskáldum eins og mér. Það er frábært að geta unnið þar.“

Ég hef tekið græjur mínar þangað til að nota þær á nýju plötunni, meðal annars uppáhalds hljóðgervilinn minn, sem er uppáhalds hljóðfærið mitt fyrir utan pianóið. Þetta er ótrúlega sjaldgæfur Korg-hljóðgervill sem var í eigu Jóhanns Jóhannssonar og það kemur rosalega flott hljóð úr honum," segir Gabriel. „Það þarf að stilla hann eins og píanó og það kemur hljóð úr honum sem er miklu líkara órafmögnuðu hljóðfæri en hljóðgervil.“ ■

TARAMAR

25% afsláttur
á öllum vörum á
www.tamar.is

Kaupauki:
frítt serum þegar verslað
er yfir 15.000 kr

Afsláttarkóði: tm25



Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

HAUST 2021



hjá
Hjahrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Jean-Paul Gaultier viðrar hér gult og svart í köflóttu mynstri í París.
FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Dior var með þennan ljósgula gyðjukjól á tískuvíkunni í París í júlí síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Tískan skiptir litum líkt og lauf að hausti

Pantone valdi í ár tvo liti sem liti ársins 2021, og það eru litirnir Ultimate Gray og Illuminating. Ekki hafa áður verið valdir tveir litir saman.

johannamaria@frettabladid.is

Að sögn Pantone er um að ræða litapar sem dregur fram djúpa hugulsemi með bjartsýnu loforði um heiðskiran sólardag.

Gulur og grár en ekki blár

Pantone valdi bláan lit í fyrra sem lit ársins 2020 en blár tengist sterklega trausti, sem var eitthvað sem heimsbyggðin þurfti á að halda í miðjum heimsfaraldri. Í dag er þörfin önnur. Fólk sækir í jákvæðni, bjartsýni og hlýju.

Grár er, ja, grár. Skrifstofufólk þekkir þennan lit líklegast á eigin skinni og það er fátt um hann að segja. En guli Illuminating liturinn poppar upp gráa litinn á áhuga-verðan og skemmtilegan máta.

Bjartsýni og gleði

Það er því ekki að undra að gulur var einn af mest áberandi litum tískupallanna þegar haust- og vetrartískan var kynnt í sumar. Flest tiskuhúsin voru að minnsta kosti með eina áberandi, gula flík. Hún var ekkert endilega í gula litatóninum sem Pantone kynnti, en hún var augsýnilega gul og eins og gulur er einum lagið, þá var ómögulegt að gleðjast ekki.

Það er því ljóst að það verður fleira gult í haust en bara laufin á trjánum. Það má búast við að verslanir fari í auknum mæli að bjóða tiskusinnuðum upp á þennan fallega og glaðlega lit og mana þá allra feimnustu til þess að skarta gulu. ■



Chanel tekur þátt í gulu hættunni með þessari notalegu karrigulu kápu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

NÝ SENDING & ENN MEIRI ÚTSALA



Tískan
comma, MaxMara BRAX

Skipholt 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is



Karen Jónsdóttir rekur Matarbúr Kaju á Akranesi.



Það er aldrei leiðinlegt að borða salat úr Salatbar Kaju.

Lífrænn salatbar á Skaganum

sjofn@frettabladid.is

Á Akranesi er Karen Jónsdóttir, ávallt kölluð Kaja, með Matarbúr Kaju, sem býður upp á lífrænt vottadar matvörur eftir vigt og í smásölupakkningum. Þar er einnig kaffihúsið Café Kaju með lífrænt kaffi, te og hollar, lífrænar kræsingar, svo sem samlokur, bakkelsi og sæta bita úr besta hráefni sem völ er á. Kaja trúir því staðfastlega að við séum það sem við borðum og með þann boðskap stofnaði hún Kaja Organic, Matarbúr Kaju og Café Kaju sem hefur blómstrað á Skaganum undanfarnar ár. Regla Kaju er einföld: Allar vörur eru lífrænar, umhverfisvænar og gæðin

í hámarki. Nú hefur Kaja bætt enn við matarflórana og opnað Salatbar Kaju sem er kærkomin nýjung.

Gott salat gerir hvern dag betri

„Gott salat gerir hvern dag betri enda mitt upphald. Fjölbreytt samsetning gerir salat aldrei leiðinlegt að borða,“ segir Kaja, sem er íðin við að prófa nýjar samsetningar og brögð. Salatbarinn verður með ólíku sniði en hefð er fyrir, enda ekki boðið upp á kjöt.

„Við keyrum á fiski og prótíni úr jurtaríkinu auk osta frá Bíobúi og lífrænum eggjum frá Nesbúi. Við skiptum Salatbarnum upp í prótín, kolvetni og fitu. Hver og einn velur á sinn disk eða box, ef það er tekið

með. Fitan er í grunninn ólífuolía og repjuolía frá Móður Jörð, en úr þeim búum við til ýmsar salat-dressingar. Toppurinn er svo fræblöndur og þurrkaðir ávextir sem hægt er að velja úr.“

Hráefnin eru merkt með K fyrir ketó, V fyrir vegan og GL fyrir glútenlaust svo allir geta sett saman salat sem hentar þeirra mataræði.

„Við munum þreifa okkur áfram næstu daga svo Salatbarinn er ekki alveg fastmótaður. Við vonum svo bara að Skagamenn verði sáttir við þessa nýjung, en það er orðið langt síðan salatbar var á staðnum,“ segir Kaja og hlakkar til að bjóða viðskiptavinum upp á þessa nýjung á Skaganum. ■

HR
HELENA RUBINSTEIN

LA CLINIC
MONTREUX



HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI 26. - 29. ÁGÚST

RE-PLASTY er februnarmeðferð frá HELENA RUBINSTEIN unnin í samstarfi við LA CLINIC MONTREUX, eina virtustu februnarlækningastöð í heimi.



RE-PLASTY AGE RECOVERY NIGHT

hefur að geyma einstaka samsetningu virkra innihaldsefna sem vernda, gera við og næra húðina. Húðin endurnýjar sig á nóttinni og nýtir háan styrk PROXYLANE (30%) sem vinnur á öllum merkjum öldrunar.

HELENA RUBINSTEIN **20%** AFSLÁTTUR

 Lyf & heilsa



Litríkir og flottir gestir á Tískuviku í Kaupmannahöfn

Tískuvika var haldin í Kaupmannahöfn fyrr í þessum mánuði og þótti takast nokkuð vel.

starri@frettabladid.is

Vegna heimsfaraldursins hefur nær öllum stóru tiskusýningunum verið frestað síðustu 18 mánuðina

eða þær færðar yfir á netið. Það var því létt yfir sýnendum og gestum í Kaupmannahöfn þessa fallegu sumardaga. Utan sýnenda vekja gestir stóru tiskusýninganna iðulega mikla athygli, sem klæðast oft litríkum og frumlegum fatnaði. Skoðum nokkra smekklega karlmenn sem sóttu sýninguna þetta árið. ■



Röndótt peysa skartar mynd af gömlum stórum nærbuxum. Skrautleg hálsfesti og eyrnalokkar fríska enn frekar upp á útlitið.

Brúnu Nike-skórnir, brúnu buxurnar og Gucci-taskan smellpassa saman hjá þessum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Svartar síðar stuttbuxur og gulur blazer jakki passa vel saman. Svört handtaskan setur svo punktinn yfir i-ið.



Skærappelsinugulur jakkinn fer vel við grænbláu buxurnar og brúnu skóna hjá þessum gesti.



Einfaldur en svalur still. Dökkblár jakki og buxur en skórnir eru tá-mjóir og svartir.



Gráa prjónaða peysan og stuttbuxurnar hljóta að hafa vakið athygli og ekki síður skórnir sem eru silfurlitaðir með hressum bangsa.

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 1. september.

Í blaðinu gefst fyrirtækjum og einstaklingum kostur á að kaupa kynningu eða hefðbundna auglýsingu.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi
Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5654



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



YEST/YESTA opin peysa
Stærðir 36-56
Verð kr. 12.980



YET/YESTA tunika
Stærðir 36-56
Verð kr. 9.980



YEST/YESTA kragapeysa
Fæst líka í svörtu og vínrauðu
Stærðir 36-56
Verð kr. 6.980



NO SECRET langarma bolur
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.980



NO SECRET kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.980



YEST/YESTA peysa
Stærðir 36-56
Verð kr. 6.980



GOZZIP Johanne Skyrtnkjóll
Fæst í fleiri litum/mynstrum
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980



ES&SY Nanna peysukjóll
Stærðir 38-44
Verð kr. 9.980



YEST Catelyne síð peysa með stórum kruga
Stærðir 36-48
Verð kr. 11.980



ROBELL Nena 09 ökklabuxur
Stærðir 34-52
Verð kr. 11.980




IVY BEAU kápa
Stærðir 36-46
Verð kr. 17.980



ZHENZI peysujakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990



ZHENZI Kogle golla
Fæst líka í bleikju og navybláu
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.990



JANA götuskór með rennilás á hlið
Fást í svörtu og brúnu
Stærðir 37-42
Verð kr.16.990



JANA ökkklaskór lakk með rennilás á hlið
Fást í svörtu og rauðu
Stærðir 37-42
Verð kr.16.990

Verzlunin Belladonna

belladonna

Lítu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. 800 þúsund undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

Sparibill ehf
Hátun 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar



Léttir Fyrirferðalítill Hjólalátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR



SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661
Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

FRAMTALSADSTOD - BOKHALDSPJONUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstöð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á BARNHEILL.IS



SAFT INNOVATÍON

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.


Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymslúhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Tilkynningar

Tapað - Fundið

FUNDARLAUN Í BOÐI!

Hálsfesti með stjórnumerki tapaðist á LSH við Hringbraut (blóðtöku eða röntgen) þann 12. ágúst. Finnandi vinsaml. hringja í s. 864 2035 eða hjp@internet.is

Einkamál

HRESS KARLMAÐUR Á BESTA ALDRI ÓSKAR EFTIR AÐ KYNNAST KVK

Mig langar að kynna konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, spjalla og fl.

Endilega hafið samb. í s. 611 1333

Geymið auglýsinguna!

SUBARU Legacy Outback

- GLÆSILEGUR BÍLL



Árgerð 2015
ekinn 98 P. KM
dísel, sjálfskiptur.

Leður ofl.
Mjög vel búinn bíll.

Verð aðeins 2.690.000.



Bildshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilabraut.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR

EFTIR

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

EYJALIND



Gúmmíbelti - Fyrir smágröfvar



Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bástal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

PARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Að draga annað augað í pung

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson.

Í aðdraganda kosninga 1978 var grip-
ið til harkalegra efnahagsráðstafana
vegna versnandi samkeppnisstöðu
atvinnulífsins. Þær skertu umsam-
inn kaupmátt.

Þeir tveir flokkar, sem lofuðu
óskertum lífshjúðum þrátt fyrir
breyttar aðstæður, unnu stórsigur í
kosningunum. Næstu fimm ár freistu-
ðu þrjár ríkisstjórnir þess, með
aðild ráðherra úr öllum flokkum, að
efna fyrirheit sigurvegaranna.

Það endaði með því að verðbólgan
fór yfir 100 prósent.

Vatnaskil

Ég er ekki frá því að þessir atburðir
hafi markað vatnaskil í pólitískri
umræðu. Eftir þá þorðu menn síður
að segja allan sannleikann um stöðu
efnahagsmála. Mín kynslóð í pólitík
ber þar heilmikla ábyrgð.

Smám saman fóru menn að ræða
um þjóðarþjónustunni í sömu upp-
hafningu eins og næsta landsleik í
knattspyrnu. Allir vita að það stapp-
ar næst landráðum að ræða veikleika
landslíðsins í samanburði við helstu
keppinautana.

Í pólitíkinni náði þessi umræðu-
hefð hámarki á árunum fyrir mikla-
hrun krónunnar 2008. Þessi til-
hneiging til að draga annað augað í
pung er enn ráðandi, þótt kreppan
sé ekki jafn djúp nú og þá.

Samtök atvinnulífsins hafa reynt
að vera með bæði augun opin í þeirri
kosningumræðu, sem nú stendur.
Þau beina spjótum sínum einkum að
fjármálastjórn heilbrigðiskerfisins
og óstöðugleika í hagkerfinu.

Kápa úr klæðinu?

Í þrennum undangengnum kos-
ningum hafa fjármál og skipulag heil-
brigðisþjónustunnar verið á meðal
heitustu kosningamála. Þau hafa því
verið samfelld á dagskrá en vandi
kerfisins þó haldið áfram að dýpka.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur
komið að þremur stjórnarsáttmál-
um undanfarin átta ár, án þess að
gera tilraun til að semja um umbæt-
ur á þessu sviði. Átta sinnum hefur
hann sleppt því í samningum um
fjárlög og átta sinnum í samningum
um fjármálaáætlun.

Á þessu kjörtímabili lét hann svo
ákvörðun um heilbrigðisstefnu til
2030 einnig fram hjá sér fara við
ríkisstjórnarborðið.

Þunginn í málflutningi Samtaka
atvinnulífsins fyrir þessar kosning-
ar fer í að vara við framhaldi á þessu
sinnuleysi.

Svona beitt gagnrýni vekur óhjá-
kvæmilega þessa spurningu: Er lík-
legt að þeim, sem setið hafa með
hendur í skauti við ríkisstjórnar-
borðið í þrjú kjörtímabil, verði kápa
úr klæðinu á því næsta?

Norrænn samanburður

Forstöðumaður efnahagsviðs Sam-
taka atvinnulífsins skrifaði í byrjun
þessa mánaðar grein, sem birt er á
vef samtakanna. Þar fær fjármála-
ráðherra ádrepu fyrir að leiða launa-
þróunina í landinu, sem samtökin
telja að almenni vinnumarkaðurinn
eigi að stýra eins og annars staðar.

Þá fær fjármálaráðherra á bauk-
inn fyrir að hafa samið um að stytta
vinnuvikuna samhliða launahæk-
kunum og í miklum efnahagssam-
drætti.

Síðan ber forstöðumaðurinn
Ísland saman við önnur Norðurl-
lönd. Þar kemur fram að frá alda-

mótum hafi laun hækkað þrefalt
meira hér en þar, verðbólga verið
fjórðfalt meiri og vextir fimmfalt
hærri.

Óstöðugleiki og hindranir

Núverandi ríkisstjórn var mynduð
um stöðugleika. Í fyrstu málsgrein
í kosningaskjali Samtaka atvinnu-
lífsins segir hins vegar: „Efnahags-
legur óstöðugleiki hamlar blómlegu
atvinnulífi.“

Hér er spjótunum einkum beint

að fjármálaráðherra. Segja má að
spjót Samtaka atvinnulífsins séu í
þessu efni jafnvel oddhvasari en
sumra stjórnarandstöðuflokkanna.

Samtök atvinnulífsins segja að
hindranir standi atvinnusköpun
fyrir þrífum. Að frumkvæði fjár-
málaráðherra samþykkti Alþingi í
vor sem leið að gefa Seðlabankanum
stóraukin völd til að beita gjald-
eyrishöftum.

Sú ákvörðun byggir á þeirri
viðurkenndu hagfræðikenningu

að stöðugleiki krónunnar sé óger-
legur án haftheimilda. En það
þýðir fleiri hindranir, sem Samtök
atvinnulífsins segja svo að standi
atvinnusköpun fyrir þrífum.

Ekkert er ókeypis

Hádegisverðurinn er ekki ókeypis
í þessu tilviki fremur en öðrum.
Menn verða að velja og hafna.

Stöðugleiki með jöfnum sam-
keppnisskilyrðum við helstu við-
skiptalöndin kallar á evru, eða

stöðugleikasamstarf við Evrópu-
sambandið eins og Danir eru með.

Val ríkisstjórnarinnar liggur fyrir.
En þrátt fyrir opin augu og góða
greiningu á þeim hættum, sem við
blasa, er eins og Samtök atvinnu-
lífsins vilji sitja á girðingunni þegar
kemur að þessu vali um leiðir.

En einmitt þetta val mun ráða
mestu um það hvort verðbólga
verður áfram fjórðfalt meiri hér en
á öðrum Norðurlöndum og vextir
fimmfalt hærri. ■

Heilbrigðisþjónusta · Öryggi fyrir alla



Það er nóg til

Það á ekki að koma neinum á óvart að fólk
eldist, börn fæðast og fólk verður veikt bæði á
líkama og sál. Sterkt, opinbert og gjaldfrjálst
heilbrigðiskerfi er öflugasta tækið til að
 tryggja heilbrigði og öryggi fyrir okkur öll,
óháð félagslegri stöðu eða búsetu. Heilbrigði
okkar á að byggja á félagslegum forsendum en
ekki markaðsvæðingu sjúkdóma.

**Ekkert stjórn málaafli
getur skilað auðu ·
heilbrigðismál eru
kosningamál!**



Þegar Valbjörn frændi fór á Ólympíuleikana



Una Hildardóttir skipar annað sæti á lista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.

Þegar ég var yngri var langafi hetjan mín. Gamli sjóarinn sem sigldi þrisvar hringinn í kringum hnöttinn, var sendur með lest frá Ítalíu til Danmerkur eftir misheppnaða uppreisn og næstum því étinn af hákörllum við Indlandsstrendur. Langafi átti líka frægan bróður sem ég leit mikið upp til og var lengi sannfærð um heimsfrægd hans. Valbjörn frændi keppti nefnilega þrisvar sinnum á Ólympíuleikumunum fyrir hönd Íslands, í Róm 1960, Tókýó 1964 og Mexíkó 1968. Ég heyrði margar sögur af glæstum frjálsíþróttafelvi Valbjörns Þorlákssonar sem var í Landsliði Íslands í frjálsum íþróttum í 22 ár. Hvernig hann vann Norðurlandameistararitli í tugbraut árið 1965, var kjörinn Íþróttamaður ársins árin 1959 og 1965 og seinna margfaldur heimsmeistari í flokki öldunga.

Hékk á hanabjálkanum

Þegar Ólympíuleikarnir stóðu sem hæst hugsaði ég reglulega til Valbjörns og árangurs hans. Ég velti því fyrir mér hvort afrekalistinn hefði verið lengri ef aðstaða og utanumhald fyrir frjálsíþróttafólk hefði verið betra á þeim tíma. Hann tálgaði t.a.m. fyrstu stangarstökkstöngina sína úr árablaði. Þegar hann féll frá rifjuðu gamlir æfingafélagar hans upp aðstöðuleysið í minningargreinum. Jón Þórður Ólafsson rifjaði upp hvernig „opnaður var gluggi á gaflí ÍR-hússins til þess að reka stangarendann út um svo fengist lengri atrenna.“ Páll Eiríksson lýsti því einnig vel: „fólk vissi varla hvort Valli kæmi niður úr hæstu stökkunum í gamla ÍR-húsinu eða hvort hann hængi á einhverjum hanabjálkanum þar.“ Aðrir sem kynnst höfðu aðstaðum og þekkingu þjálfara erlendis voru sannfærðir um að undir betri kringumstæðum hefði Valbjörn keppt á heimsmeilivarða.

Hæfileikar segja hálfu söguna

Valbjörn stóð straum af eigin kostnaði líkt og afreksfólk okkar gerir nú. Það er löngu tímabært að efla Afreksjóð ÍSÍ upp að því marki að sem flestir afreksíþróttamenn geti

”
Hvernig hann vann Norðurlandameistararitli í tugbraut árið 1965, var kjörinn Íþróttamaður ársins árin 1959 og 1965 og seinna margfaldur heimsmeistari í flokki öldunga.

helgað sig æfingum og keppni, án þess að hafa áhyggjur af eigin framfærslu. Til þess að það sé raunhæfur kostur að helga sig íþróttuferlinum þarf aðstaðan einnig að vera til staðar og að lágmarki standast alþjóðlegar kröfur. Sögurnar af Valbirni minna okkur á hvernig góð aðstaða og stuðningur við íþróttafólk getur skipt sköpum. Náttúrulegir hæfileikar eða líkamsburðir segja ekki alla söguna, rétt æfingaaðstaða og tækifæri til iðkunar geta auðveldlega hjálpað afreksíþróttafólki að ná lengra. Sumir spámenn telja Íslendinga líklegri til þess að eiga engan fulltrúa á Ólympíuleikumunum en að komast á verðlaunapall þar. Aðstöðu og stuðningi við afreksíþróttafólkið okkar er ábótavant og brýnt að styðja betur við þau sem bera hróður landsins um allan heim og eru mikilvægar fyrirmyndir.

Heildstæður stuðningur skiptir máli

Valbjörn frændi starfaði lengi á Laugardalsvelli og er Valbjarnarvöllur nefndur eftir honum. Þar var lengst af aðstaða fyrir frjálsíþróttafólk en nú er búið að þekja hann gervigrasi og völluminn ber nafn styrktaraðila fótboltafélags hverfisins. Í dag er enginn móthæfur frjálsíþróttavöllur í Reykjavík, en í vor hófst undirbúningsvinna fyrir nýjan þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir, sem mun bæta aðstöðu frjálsíþróttafólks til muna. Það er fagnaðarefni, en á sama tíma er mikilvægt að byggja upp innviði fyrir aðrar íþróttgreinar og fylgja eftir hugmyndinni um afreksmiðstöð fyrir íþróttafólk. Íslenskt afreksíþróttafólk á svo sannarlega betra skilið en að búa við sömu aðstaðu og Valbjörn frændi gerði fyrir meira en hálfri öld. Það á skilið tækifæri til að ná þeim árangri sem það hefur burði til og standa jafnfætis við fulltrúa annara þjóða. Íslenskt íþróttafólk á skilið alla okkar virðing og stuðning. ■



Tryggvi Þór Herbertsson doktor í hagfræði, situr í stýrinfund Task Force for Carbon Pricing in Europe og er stjórnarformaður Qair Iceland ehf.

Vindur á Íslandi leysir kolabrennslu í Evrópu af hólmi

Mesta ógnin sem steðjar að mannkyninu er hlýnun jarðar. Mikill meirihluti vísindamanna er samþála um að hefta verði losun kolefna út í andrúmsloftið, annars sé voðinn vis. Viðbrögð mannkyns við þessari ógn eru meðal annars Parísarsamkomulagið en það kveður á um að losunin verði ekki meiri en svo að hitnunin fari ekki yfir eina og hálfu gráðu til ársins 2050. Markmið Íslands er metnaðarfyllra, en hér á landi er miðað við árið 2040.

Verðlagning kolefnis

Alþjóða orkumálastofnunin bendir á að orkunotkun mannkyns er aðal sökudólgurinn þegar kemur að kolefnislosun og þar beri hæst bruna jarðefnaeldsneytis – olíu og kola. Til að ná kolefnishlutleysi þurfi að draga losunina saman um 33 milljarða tonna fram til 2050 frá því sem nú er og að mesti samdrátturinn þurfi að verða á næstu tíu árum. Slíkt markmið kallar á gjörbreytingu á orkuframleiðslu jarðarbúa frá því sem nú er. Orkunotkun er ekki hægt að draga saman til að mæta ógninni, ef nútíma lífnaðarhættir og framþróun eiga að halda sér. En hvað er þá til ráða og hvaða erindi á þessi vandi við okkur Íslendinga?

”
Er ekki til nokkurs að vinna fyrir okkur Íslendinga í baráttunni við loftslagsógnina, að greiða fyrir slíkri starfsemi og styrkja um leið atvinnuuppbyggingu til framtíðar hér á landi?

Hið augljósa svar hagfræðingsins er að hækka kostnaðinn við losun kolefna. Þannig verði ábatinn við að nýta kolefnislausu orkugjafa, sem ella eru ekki samkeppnishæfir við jarðefnaeldsneyti, nægur, til að beina fólk og fyrirtækjum í umhverfisvæna orkuframleiðslu. Við Íslendingar þekkjum slíka orkugjafa vel. Fallvötn og jarðhiti hafa gert okkur kleift að verða mestu orkuframleiðendur í heimi á mælikvarða höfðatölu, án þess að losa kolefni við þá iðju. Við höfum jafnframt mikla möguleika á að framleiða orku úr vindi, en eins og alþjóð veit er Ísland vindasamt og landrými er nægt fyrir vindorkuver.

Vindur til orkuframleiðslu

Nú um stundir eru margir þróunaradilar að störfum hér á landi við að afla nauðsynlegra leyfa fyrir vindorkuframleiðslu. Þessi starfsemi virðist þó vera mjög umdeild hér og lög og reglugerðir illa til þess fallnar að þróa slíka starfsemi. Einn af ásteytingarsteinum andstæðinganna er að óþarfi sé að framleiða meiri orku á Íslandi. Gnótt orku sé nú þegar til staðar og fórnin sem felst í ásynnd vindmylla í íslenskri náttúru sé slík að ekki sé með nokkru móti réttlætlanlegt að reisa vindorkuver hér á landi. Náttúran eigi að vera öröskuð og að í því felist verðmæti sem trompi ábatann sem af orkuverunum stafar. Á þessi sjónarmið má fallast ef forsendan er að vindorkuver verði reist í viðkvæmri náttúru á óafturkræfan hátt og að engin þörf sé fyrir frekari orkuframleiðslu.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi vegna orkunotkunar

